


RORUM



NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

Vistgerðir og fuglalíf á áhrifasvæði Ölfusvirkjunar



Rorum 2025 008	Dags. 05.11.2025	Dreifing: Opin	Fjöldi síðna: 21
ISSN 2547-6696		ISBN 978-9935-514-44-8	
Heiti skýrslu: Vistgerðir og fuglalíf á áhrifasvæði Ölfusvirkjunar			
Höfundur: Starri Heiðmarsson Fanney Ósk Gísladóttir Sigurður Ívar Jónsson Þorleifur Eiríksson			
Framkvæmd: RORUM og Náttúrustofa Norðurlands vestra			
Unnið fyrir: VSÓ f.h. Reykjavík Geothermal			
Útdráttur: Athuganir á vistgerðum og fuglum voru gerðar. Gróðurfar er frekar fábreytt. Fjórtán vistgerðir voru kortlagðar en af þeim þekur mosahraunavist um 70% rannsóknarsvæðisins en mosamelavist hefur um 18% þekju. Þrjár vistgerðir hafa tiltölulega hátt náttúruverndargildi en þekja ekki stóran hluta rannsóknarsvæðisins. Skráðar hafa verið 95 tegundir æðplantna á rannsóknarsvæðinu og eru þær allar útbreiddar og algengar. Fuglalíf er fábreytt og þéttni lítil. Þúfutittlingur, heiðlóa og spói eru ríkjandi, en rjúpa og sólskríkja verpa líka á svæðinu. Framkvæmdir á svæðinu myndu skerða vistgerðir staðbundið. Áhrif á fuglalíf verða á framkvæmdatíma en til lengri tíma lítil.			
RORUM ehf. • Lyngháls 10 • 110 Reykjavík • +354 8977395 • rorum@rorum.is • www.rorum.is			

Efnisyfirlit

Myndir	4
Töflur	4
1 Inngangur	5
2 Vistgerðir	6
2.1 Inngangur	6
2.2 Aðferðir	6
2.3 Niðurstöður	7
2.4 Umræður	9
Fuglalíf	12
2.5 Inngangur	12
2.6 Aðferðir	12
2.7 Niðurstöður	13
2.8 Umræður	17
3 Heildar umræður	18
4 Heimildir	18
5 Viðauki	19

Myndir


Mynd 1-1. Rannsóknasvæði.	5
Mynd 2-1. Vistgerðakort af rannsóknarsvæðinu. Athugunarstaðir æðplantna eru merktir á kortið, 1-36.	8
Mynd 2-2. Lítil tjörn á svæði 3 (viðauki 1). Við tjörnina óx flagasóley, <i>Ranunculus reptans</i>	10
Mynd 2-3. Burnirót, <i>Rhodiola rosea</i> , og snepaskóf, <i>Parmelia saxatilis</i> , með útsýni yfir mosahraunavist. Geitfell í baksýn.	10
Mynd 2-4. Lyngmói á láglendi undir austurhlíðum Bláfjalla á svæði 3 (viðauki 1). Falleg lyngbrekka með blágresi, <i>Geranium sylvaticum</i> , maríustökkum, <i>Alchemilla</i> spp og víðitegundum, <i>Salix</i> spp.	11
Mynd 3-1. Rannsóknasvæði fuglaathugana.	12
Mynd 3-2. Vegurinn að Nyrðri Eldborg í úfnu hrauni.	13
Mynd 3-3. Úfið og illfært hraun í Bruna.	13
Mynd 3-4. Mosahraunavist á Heiðin há, gulleitar fléttur og aðeins af lyngi vaxa með mosanum.	14
Mynd 3-5. Lynghraunavist.	14
Mynd 3-6. Fjölbreytt blanda mosa, lyngs og grass.	15
Mynd 3-7. Á svæðinu eru hraunhæðir á víð og dreif. Ef vel er að gáð má sjá heiðlóu.	15
Mynd 3-8. Heiðlóuhreiður.	16
Mynd 3-9. Spóaegg. Bitförin eru sennilega eftir ref.	17

Töflur

Tafla 2-2-1. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) vistgerða og vistlenda á rannsóknarsvæðinu.	7
Tafla 2-2. Verndargildi þeirra vistgerða sem fundust á rannsóknarsvæðinu skv. 1) Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016; 2) Council of Europe 2019; 3) Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og 4) Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019.	9
Tafla 3-1. Nyrðra svæði.	14
Tafla 3-2. Syðra svæði.	16
Tafla 3-3. Varpfuglar á rannsóknasvæðinu og válistamerking.	17

1 Inngangur

Rannsóknir voru gerðar á vistgerðum og fuglalífi á Heiðin há og hrauninu Bruna þar norður af (Mynd 1-1). Rannsóknirnar voru gerðar fyrir VSÓ f.h. Reykjavík Geothermal.



Mynd 1-1. Rannsóknasvæði.

2 Vistgerðir

2.1 Inngangur

Hraun á suðvestanverðu landinu eru oftast þakin hraungambra (*Racomitrium lanuginosum*) sem myndað getur mosapembu (Svanhildur Jónsdóttir Svane 1963). Mosapemban getur gert æðplöntum erfitt um vik að nema land og verður því tegundafjölbreytni æðplantna á slíkum hraunum lítil nema breytileiki í landslagi auki á fjölbreytni búsvæðanna. Mosapembur eru oft einkennandi fyrir hraun á sunnan og suðvestanverðu landinu. Rannsóknarsvæðið hefur ekki verið skoðað mikið með tilliti til gróðurfars en nokkru norðar hafa grasafræðingar vaktað mosapembuna í grennd við Helliðsvirkjun (Járngerður Grétarsdóttir o.fl. 2023).

2.2 Aðferðir

Kortlagning vistgerða og könnun æðplöntuflóru var gerð á vettvangi 9., 10. og 11. júlí 2025 og einnig 10. október 2025. Gengið (og hjólað) var um svæðið og hliðsjón höfð af 3. útgáfu vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar (Náttúrufræðistofnun 2025). Á vettvangi var notast við spjaldtölvu og Qfield með vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og kortið uppfært og leiðrétt á vettvangi. Um leið voru skráðar tegundir æðplantna og var sérstaklega litið eftir tegundum æðplantna sem eru á válista eða teljast sjaldgæfar. Til að meta æðplöntuflóru svæðisins þá var gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar kannaður hvað varðar skráningar sem hafa verið gerðar innan rannsóknarsvæðisins.


2.3 Niðurstöður

Rannsóknarsvæðið er að stærstum hluta þakið nútímahrauni og bera vistgerðir og æðplöntuflóra svæðisins svip af því. Kortlagðar voru 14 þurrlendisvistgerðir og þekur mosahraunavist langstærstan hluta svæðisins eða um 70%, einnig hefur mosamelavist (18,10%) umtalsverða þekju. Þekju einstakra vistgerða má sjá á töflu 2-1.

Tafla 2-1. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) vistgerða og vistlenda á rannsóknarsvæðinu.

	<u>flatarmál (ha)</u>	<u>hlutfall þekju</u>
<u>Melar og sandlendi</u>		<u>19,40%</u>
<u>L1.1 Eyðimelavist</u>	<u>20,35</u>	<u>0,22%</u>
<u>L1.3 Mosamelavist</u>	<u>1701,76</u>	<u>18,10%</u>
<u>L1.5 Sanda- og vikravist</u>	<u>101,43</u>	<u>1,08%</u>
<u>Moldir</u>		<u>0,77%</u>
<u>L2.1 Moldavist</u>	<u>72,01</u>	<u>0,77%</u>
<u>Skriður og klettur</u>		<u>1,13%</u>
<u>L3.1 Urðaskriðuvist</u>	<u>106,49</u>	<u>1,13%</u>
<u>Moslendi</u>		<u>1,05%</u>
<u>L5.3 Hraungambravist</u>	<u>98,88</u>	<u>1,05%</u>
<u>Hraunlendi</u>		<u>73,35%</u>
<u>L6.3 Mosahraunavist</u>	<u>6583,91</u>	<u>70,04%</u>
<u>L6.4 Lynghraunavist</u>	<u>311,48</u>	<u>3,31%</u>
<u>Votlendi</u>		<u>0,00%</u>
<u>L8.11 Brokflóavist</u>	<u>0,07</u>	<u>0,00%</u>
<u>Graslendi</u>		<u>2,21%</u>
<u>L9.6 Língrsis- og vingulvist</u>	<u>207,73</u>	<u>2,21%</u>
<u>Mólendi</u>		<u>2,09%</u>
<u>L10.1 Mosamóavist</u>	<u>13,88</u>	<u>0,15%</u>
<u>L10.2 Flagmóavist</u>	<u>27,70</u>	<u>0,29%</u>
<u>L10.4 Grasmóavist</u>	<u>103,51</u>	<u>1,10%</u>
<u>L10.8 Lyngmóavist á láglendi</u>	<u>50,94</u>	<u>0,54%</u>
<u>V1.1 Vatn</u>	<u>0,17</u>	<u>0,00%</u>
<u>Samtals</u>	<u>9400,33</u>	<u>100,00%</u>

Kort af vistgerðum svæðisins var gert í mælikvarðanum 1:10.000 og er sýnt á mynd 2-1.



Mynd 2-1. Vistgerðakort af rannsóknarsvæðinu. Athugunarstaðir æðplantna eru merktir á kortið, 1-36.

Fjórtán vistgerðir voru kortlagðar á rannsóknarsvæðinu. Verndargildi vistgerða byggir á nokkrum þáttum og í skýrslu sem Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. (2019) unnu var reynt að taka saman fleiri þætti og gefa ólíkum vistgerðum n.k. náttúruverndargildi sem væri tölulegt. Í töflu 2-2 eru umrædd náttúruverndargildi gefin auk nokkurra þátta sem eru að baki náttúruverndargildinu og hafa áhrif á gildi vistgerðanna frá náttúruverndarsjónarmiði.

Tafla 2-2. Verndargildi þeirra vistgerða sem fundust á rannsóknarsvæðinu skv. 1) Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016; 2) Council of Europe 2019; 3) Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og 4) Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019.

Vistlendi	Vistgerð	1	2	3	4
Melar og sandlendi					
	L1.1 Eyðimelavist	Lágt			3
	L1.3 Mosamelavist	Lágt			5
	L1.5 Sanda- og vikravist	Lágt	x		6
Moldir					
	L2.1 Moldavist	Lágt			3
Skriður og klettur					
	L3.1 Urðarskriðuvist	Miðlungs	x		8
Moslendi					
	L5.3 Hraungambravist	Lágt			7
Hraunlendi					
	L6.3 Mosahraunavist	Miðlungs		x	5
	L6.4 Lynghraunavist	Miðlungs		x	9
Votlendi					
	L8.11 Brokflóavist	Mjög hátt		x	22
Graslendi					
	L9.6 Língresis- og vingulsvist	Hátt	x		21
Mólendi					
	L10.1 Mosamóavist	Lágt			7
	L10.2 Flagmóavist	Lágt	x		8
	L10.4 Grasmóavist	Hátt	x		18
	L10.8 Lyngmóavist á láglandi	Hátt	x		21

Könnun æðplöntuflóru var gerð samhliða kortlagningu vistgerða og eru stakir könnunarstaðir merktir inn á vistgerðakortið á mynd 2-1, með tölustöfum, 1-36. Svæðinu var skipt í sex svæði og er gerð grein fyrir tegundum sem skráðar voru á hverju svæði fyrir sig í viðauka 1 en þar eru einnig tilteknar þær tegundir sem skráðar hafa verið á svæðinu og gögn um eru varðveittar hjá Náttúrufræðistofnun. Sérstaklega var svipast um eftir tegundum æðplantna sem eru á valista eða friðlýstar og fundust engar slíkar tegundir við vinnu á vettvangi né var þær að finna í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar. Æðplöntuflóra rannsóknarsvæðisins er tiltölulega fábreytt, alls hafa 95 tegundir verið skráðar innan svæðisins (viðauki 1).

2.4 Umræður

Rannsóknarsvæðið er tiltölulega fábreytt og þekur mosahraunavist um 70% svæðisins. Það sem herra stendur eins og austurhluti Bláfjalla og Heiðin há er hins vegar að mestu þakið mosamelavist. Í vesturhlíðum Geitafells og austurhlíðum Bláfjalla finnast síðan skriður. Örlítið er af votlendi á rannsóknarsvæðinu og nokkrar smærri tjarnir (mynd 2-2). Líkt og lesa má úr töflu 2-2 þá hafa þrjár af þeim fjórtán vistgerðum sem finnast á rannsóknarsvæðinu herra náttúruverndargildi en 20 sbr. grein Olgu Kolbrúnar Vilmundardóttur o.fl. 2019. Þær vistgerðir eru brokflóavist, sem finnst í afar litlum mæli, sem og língresis- og vingulsvist og lyngmóavist á

láglandi. Er það helst língresis- og vingulsvist, af þessum þremur, sem hefur einhverja þekju en þekja hennar er metin rúmlega 200 ha.



Mynd 2-2. Lítil tjörn á svæði 3 (viðauki 1). Við tjörnina óx flagasóley, *Ranunculus reptans*.

Mosahraunavist (mynd 2-3) þekur stærstan hluta svæðisins og þrátt fyrir að vistgerðin sem slík teljist ekki hafa sérstaklega hátt náttúruverndargildi (sbr. töflu 2-2) er rétt að benda á að nútímahraun njóta verndar skv. 32. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Líkt og kemur fram í töflu 2-2 þá eru það þrjár vistgerðir sem kortlagðar voru á rannsóknarsvæðinu sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum en það eru hraunavistirnar og brokflóavist.

Lyngmóavist á láglandi fannst í litlum mæli í hlíðardrögum Bláfjalla (mynd 2-4).



Mynd 2-3 Burnirót, *Rhodiola rosea*, og snepaskóf, *Parmelia saxatilis*, með útsýni yfir mosahraunavist. Geitfell í baksýn.



Mynd 2-4. Lyngmói á láglendi undir austurhlíðum Bláfjalla á svæði 3 (viðauki 1). Falleg lyngbrekka með blágresi, *Geranium sylvaticum*, maríustökkum, *Alchemilla* spp og víðitegundum, *Salix* spp.

Æðplöntuflóra rannsóknarsvæðisins er fábreytt og engar sjaldgæfar tegundir fundust eða eru þekktar af rannsóknarsvæðinu. Líkt og segir í aðferðakaflanum þá var leitað fanga í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar en rétt er að taka fram að frekar fáar skráningar voru þar á rannsóknarsvæðinu sem skýrist, líklega, bæði af fábreyttri flóru og erfiðu aðgengi.

Framkvæmdir munu hafa staðbundin áhrif á vistgerðir og skerða þær sem nemur því svæði sem fer undir vegi og mannvirki. Loftmengun frá háhitavirkjunum getur valdið skemmdum á mosum enda mosar misvotar lífverur, þ.e. taka vatn (og næringarefni) upp beint úr andrúmslofti. Því eru mosar viðkvæmari fyrir loftmengun en æðplöntur enda oft notaðir sem umhverfisvísar, ásamt fléttum, vegna þessa eiginleika. Mosapembur hafa verið vaktaðar umhverfis Hellsheiðarvirkjun síðan 2012 og þar komið í ljós að styrkur nokkurra efna s.s. brennisteins, bórs, kvikasilfurs og nikkels fellur marktækt með fjarlægð frá virkjuninni (Járngerður Grétarsdóttir o.fl. 2023).

3 Fuglalíf

3.1 Inngangur


Ekki fundust heimildir um fuglaathuganir á rannsóknarsvæðinu, en athuganir hafa verið gerðar á nálægum svæðum (Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2005; Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2009; Þorleifur Ágústsson o.fl. 2023).

3.2 Aðferðir

Rannsóknarsvæðinu var skipt í tvö athugunarsvæði, sem kölluð eru Nyrðra- og syðra svæði. Nyrst er hraunið við Syðri- og Nyrðri Eldborg og sunnar svæðið vestur af Geitarfelli og suður á Heiðin há (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**).

Farið var í nokkrar vettvangsferðir, fleiri en áætlað hafði verið sökum veðurs, en ekki reyndist alltaf hægt að skoða fugla með ábyggilegum hætti sökum veðurs, vinds eða úrkomu og ljúka athugunum. Farið var í vettvangsferðir: 24 maí og síðan 5, 6, 12, 13 og 14 júní 2025.

Gengið var um svæðið og fuglar skráðir og atferli þeirra lýst til að ákvarða hvort um varpfugl var að ræða. Miðað er við að athugunarsvæðið sé 100 m sitt hvoru megin gönguleiðarinnar, en landið er flatt og því erfitt að nota fjarlægðarmæli og fjarlægðarmörkin því ekki nákvæm.



Mynd 3-1. Rannsóknarsvæði fuglaathugana.

Nyrðra svæðið (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**) er þakið úfnu hrauni, sem er illfært og ófært á köflum. Fuglaathuganir voru því gerðar frá vegi og gönguslóðanum

Vegur er frá Þjóðveginum að Nyrðri Eldborg um það bil 3,3 km. Göngustígur er frá Nyrðri Eldborg að Lambafellshnjúkum um það bil 1,5 km og göngustígur er frá Nyrðri Eldborg, fram hjá Syðri Eldborg að Bláfjöllum og var gengið 2,4 km á þeirri leið. Samtals eru þetta 7,2 km.


Syðra svæðið (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**) er einsleitt og voru gengnir um það bil 50 km við fuglaathuganir á því svæði.

3.3 Niðurstöður

Nyrðra svæðið, hraunið Bruni, eða Háir bruni er þakið úfnu hrauni þakið hraungambra og illt yfirferðar (Mynd 3-2, Mynd 3-3).



Mynd 3-2. Vegurinn að Nyrðri Eldborg í úfnu hrauni.



Mynd 3-3. Úfið og illfært hraun í Bruna.

Á nyrðra svæðinu fundust þrjár fuglategundir: þúfuttlingur, heiðlóa og spói (Tafla 3-1).

Tafla 3-1. Nyrðra svæði.

Nafn	Fræðiheiti	Fjöldi	Athugasemdir
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	15	Sáust sitjandi og á flugi og heyrðist í.
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	4	Sáust sitjandi og á flugi og heyrðist í.
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1	Heyrðist í við hraunkantinn, eggjaskurn fannst með tannaförum eftir ref

Heiðin há er að mestu þakin vistgerðum með mosa og lyngi (Mynd 3-4, Mynd 3-5, **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**), en á víð og dreif standa hraunhellur upp úr sléttunni (Mynd 3-7).



Mynd 3-4. Mosahraunavist á Heiðin há, gulleitar fléttur og aðeins af lyngi vaxa með mosanum.



Mynd 3-5. Lynghraunavist.



Mynd 3-6. Fjölbreytt blanda mosa, lyngs og grass



Mynd 3-7. Á svæðinu eru hraunhæðir á víð og dreif. Ef vel er að gáð má sjá heiðlóu.

Á syðra svæðinu sáust sjö fuglategundir: sólskríkja, þúfutittlingur, heiðlóa, spói, rjúpa, hrafn og ógr. máfur, líklegast sílamáfur (Tafla 3-2).

Tafla 3-2. Syðra svæði.

Nafn	Fræðiheiti	Fjöldi	Athugasemdir
Sólskríkja	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1	Sást sitjandi og á flugi og heyrðist í.
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	49	Sáust sitjandi og á flugi og heyrðist í.
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	35	Sáust sitjandi og á flugi og heyrðist í. hreiður með fjórum eggjum.
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	23	Sáust sitjandi og á flugi og heyrðist í.
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	2	Sáust sitjandi
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	Flaug yfir
Máfur ogr.	<i>Larus sp.</i>	7	Flugu yfir hátt uppi, skræktu.

Hreiður heiðlóu fannst (Mynd 3-8) auk þess eggjaskurn spóa með tannaförum eftir ref (Mynd 3-9)



Mynd 3-8. Heiðlóuhreiður.



Mynd 3-9. Spóaegg. Bitförin eru sennilega eftir ref.

Fuglalíf er einsleitt, fáar tegundir og þéttni lítil (Tafla 3-3).

Válistamerkingar eru VU = Í nokkurri hættu, NT = Í yfirvofandi hættu og LC = tegundir sem voru metnar ekki í hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2025).

Tafla 3-3. Varpfuglar á rannsóknasvæðinu og válistamerking.

Nafn	Fræðiheiti	Fjöldi	Varpfugl	Válisti
Sólskríkja	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1	Varpfugl	LC
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	64	Varpfugl	LC
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	39	Varpfugl	VU
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	24	Varpfugl	VU
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	2	Varpfugl	NT
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	Í fæðuleit	VU
Máfur ogr.	<i>Larus sp.</i>	7	Á leið um	

3.4 Umræður

Á nyrðra svæðinu, hrauninu Bruna, fundust nær því eingöngu þúfutittlingar, en heiðlóa og spói í köntum hraunsins.

Á syðra svæðinu voru heiðlóa og spói ríkjandi, en jafnframt mikið af þúfutittling. Rjúpa sást líka á svæðinu og sólskríkja. Svæðið er mjög einsleitt, fáar tegundir og þéttni fugla lítil.

Framkvæmdir munu hafa einhver áhrif á fuglalíf á meðan á þeim stendur, en til framtíðar verða áhrifin lítil.

4 Heildar umræður

Gróðurfar rannsóknarsvæðisins er frekar fábreytt, 95 tegundir æðplantna hafa fundist og kortlagðar voru 14 vistgerðir. Allar skráðar æðplöntutegundir á rannsóknarsvæðinu eru algengar og flestar hafa vistgerðirnar lágt náttúruverndargildi. Staðbundin áhrif á vistgerðir byggja á umfangi vegagerðar og framkvæmdasvæðis en loftmengun gæti haft áhrif á mosagróður í nágrenni virkjunar.

Fuglalífið einkennist af þúfutittlingi, heiðlóu, og spóa. Svæðið er einsleitt og þéttni fugla lítil. Framkvæmdir munu hafa einhver áhrif á fuglalíf á meðan á þeim stendur, en til framtíðar verða áhrifin lítil.

5 Heimildir

- Council of Europe, (2019). Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats: Resolution No. 4 (1996) listing endangered natural habitats requiring specific conservation measures. Accessed 2019. url: <https://rm.coe.int/16807469e7>.
- Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2005. Gróður og fuglar á Hengilssvæði og Hellisheiði. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. NÍ-05008.
- Járngerður Grétarsdóttir, Ágústa Helgadóttir og Rannveig Thoroddsen 2023. Vöktun mosapembugróðurs við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun árið 2022. Niðurstöður gróður- og efnamælinga og samanburður við mælingar 2012 og 2017. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. NÍ-23008
- Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2009. Fuglar og gróður á línuleiðum á Suðvesturlandi. Unnið fyrir Landsnet h.f.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 54. Rafræn útgáfa leiðrétt í maí 2018.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (2013). Alþingi Íslands. url: https://www.althingi.is/lagas/149c/20130_60.html (skoðað 30.10.2025).
- Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar. NÍ-19008.
- Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun: áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. Unnið fyrir Landsvirkjun. NÍ-01004.
- Svanhildur Jónsdóttir Svane 1963. Um mosapembugróður. Náttúrufræðingurinn 33: 233-263.
- Þorleifur Ágústsson, Sigurður Ívar Jónsson og Þorleifur Eiríksson 2023. Úttekt á gróðri og fuglalífi vegna fyrirhugaðrar borunar við Hverahlíð II og Meitla. RORUM 2023 015
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2025a. Válisti fugla 2025. Ni.is

6 Viðauki

Viðauki 1. Tafla yfir æðplöntutegundir sem skráðar voru á vettvangi í punktum 1-36, tekið saman í sex svæði: Svæði 1: 1, 2, 3 og 31; svæði 2: 4, 5, 23, 24 og 25; svæði 3: 6, 7, 2, 27, 28 og 29; svæði 4: 9, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18; svæði 5: 10, 19, 20, 21 og 22; svæði 6: 32, 33, 34, 35 og 36. Tegundir sem skráðar eru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar eru í síðasta dálkinum, merkt „Nátt“. Algengni einstakra tegundir fylgir flokkun Náttúrufræðistofnunar en aðferðafræðin að baki flokkuninni er útskýrð í skýrslu frá Náttúrufræðistofnun Íslands (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001).

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	ALGENGNI	1	2	3	4	5	6	Nátt
<i>Agrostis capillaris</i>	Hálingresí	■■■■□□						x	x
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skríðlingresí	■■■■□□	x	x	x		x	x	x
<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresí	■■■■□□	x		x		X	X	
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi	■■■■□□	x	x	x	X	x	x	x
<i>Alchemilla filicaulis</i>	Hlíðamariústakkur	■■■■□□	x	x	x	X		x	
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Mariústakkur	■■■■□□							X
<i>Alchemilla wichurae</i>	Silfurmaríústakkur	■■■■□□			x				
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr	■■■■□□	x	x	x	x		x	x
<i>Arabidopsis petraea</i>	Melablóm	■■■■□□			x				X
<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	Sortulyng	■■■■□□							X
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	■■■■□□							X
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur	■■■■□□	x	x	x	X	x		x
<i>Avenella flexuosa</i>	Bugðupuntur	■■■■□□	x	x	x	X	X	x	x
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	■■■■□□		x	x	x			x
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	■■■■□□	x	x	x	X	x	x	x
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	■■■■□□							X
<i>Calluna vulgaris</i>	Beitilyng	■■■■□□							X
<i>Cardamine polemonioides</i>	Hrafnaklukka	■■■■□□				X	X		X
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	■■■■□□	x	x	x	X	X	x	x
<i>Carex canescens</i>	Blátoppastör	■■■■□□			x				
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör	■■■■□□							X
<i>Carex myosuroides</i>	Pursaskegg	■■■■□□							X
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	■■■■□□	x	X	x				
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	■■■■□□	x	X	x	x			
<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra	■■■■□□					X		X
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi	■■■■□□					X		X
<i>Coeloglossum viride</i>	Barnarót	■■■■□□	x	x				X	X
<i>Cystopteris fragilis</i>	Tófugras	■■■■□□	X						X
<i>Dactylorhiza maculata</i>	Brönugrös	■■■■□□		x		x			X
<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapuntur	■■■■□□	x	x		X	x		
<i>Deschampsia cespitosa</i>	Snarrótarpuntur	■■■■□□							X
<i>Diphasiastrum alpinum</i>	Litunarjafni	■■■■□□				X			
<i>Draba incana</i>	Grávorbólóm	■■■■□□							X
<i>Draba norvegica</i>	Hagavorbólóm	■■■■□□							X
<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley	■■■■□□							X
<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng	■■■■□□	x	x	x	x	x	x	x
<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	■■■■□□			x	x			X
<i>Equisetum hyemale</i>	Eski	■■■■□□							X

<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting	■■■□□□							X
<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski	■■■□□□							X
<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill	■■■□□□							X
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófífa	■■■□□□	x	x	x	x			x
<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró	■■■□□□		x					
<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull	■■■□□□	x	x	x	X	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull	■■■□□□	x	x	x		x	x	x
<i>Galium boreale</i>	Krossmaðra	■■■□□□	x	x		x	x	x	x
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	■■■□□□	x	x	x	x	X	x	x
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra	■■■□□□						X	X
<i>Geranium sylvaticum</i>	Blágresi	■■■□□□			x	x			X
<i>Hierochloe odorata</i>	Reyrgresi	■■■□□□		x					
<i>Huperzia selago</i>	Skollafingur	■■■□□□				X			
<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef	■■■□□□							X
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	■■■□□□	x	x	x	X	x	x	x
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	■■■□□□							X
<i>Kalmia procumbens</i>	Sauðamergur	■■■□□□							X
<i>Luzula arcuata</i>	Boghæra	■■■□□□					X		
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	■■■□□□			x	X	X	X	X
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	■■■□□□	x	x	x	X	x		x
<i>Micranthes nivalis</i>	Snæsteinbrjótur	■■■□□□							X
<i>Nardus stricta</i>	Finnungur	■■■□□□							X
<i>Omalothea supina</i>	Grámulla	■■■□□□	x			X			
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra	■■■□□□							X
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	■■■□□□	x			X			
<i>Pilosella islandica</i>	Íslandsfífill	■■■□□□		x			X		X
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	■■■□□□							X
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	■■■□□□	x		x				
<i>Poa flexuosa</i>	Lotsveifgras	■■■□□□				X			
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	■■■□□□							X
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	■■■□□□					X	X	
<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura	■■■□□□							X
<i>Prunella vulgaris</i>	Blákolla	■■■□□□							X
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm	■■■□□□	x			X			X
<i>Ranunculus reptans</i>	Flagasóley	■■■□□□			X				X
<i>Ranunculus subborealis</i>	Brennisóley	■■■□□□	x	x	x	X	X		X
<i>Rhodiola rosea</i>	Burnirót	■■■□□□	x	X	x	x	X		X
<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaber	■■■□□□							X
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra	■■■□□□	x	X	x	x	X		X
<i>Rumex acetosella</i>	Hundasúra	■■■□□□							X
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	■■■□□□	x	x	x	x			x
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	■■■□□□	x	x	x	x	X	x	x
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	■■■□□□			x				X
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir	■■■□□□	x	X		x		X	X
<i>Saxifraga cespitosa</i>	Þúfusteinbrjótur	■■■□□□							X
<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári	■■■□□□				X			
<i>Silene acaulis</i>	Lambagras	■■■□□□	x	x		x	x		x

<i>Silene uniflora</i>	Holurt	■■■□□□	x						x
<i>Sparganium hyperboreum</i>	Mógrafabrúsi	■■■□□□			x				
<i>Taraxacum</i>	Túnfíflar	■■■□□□	x	x		x	X		
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	■■■□□□	x	x		X	x		X
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg	■■■□□□			x			X	X
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng	■■■□□□		x	x			X	X
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	■■■□□□	x	x	x	x	x	x	x
<i>Valeriana sambucifolia</i>	Hagabrúða	■■■□							X
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla	■■■□□□				X			
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóla	■■■□□□	x			X		X	X